Umsögn Norðurorku

Um leið og við þökkum tækifærið til að fara yfir deiliskipulagsbreytinguna v/breytinga á innkeyrslu á lóð Síðuskóla viljum við benda á eftirfarandi:

- Í Bugðusíðunni liggur 180PEH vatnsveitu-stofnlögn sem ætti þó ekki að vera í hættu þegar hraðahindrunin verður gerð, en svo liggur heimlögn 75PEH að Síðuskóla akkúrat þar sem heimkeyrslan er.

Því þarf að passa heimlögnina að Síðuskóla þegar farið verður í færslu á heimkeyrslunni og hvetjum við til þess að haft verði samband við okkur áður en framkvæmdir hefjast varðandi nánari upplýsingar.

Í viðhenginu er mynd af vatnslögnum á svæðinu og þar eru þessar tvær lagnir merktar sérstaklega.
- Lagnir rafveitu og fráveitu má einnig sjá á meðfylgjandi mynd.

Bestu kveðjur,
Gunnur Ýr Stefánsdóttir
Verkefnastjóri á skrifstofu forstjóra

Svar UMSA

UMSA þakkar Norðurorku fyrir upplýsingarnar. Að venju verður haft samband við verkstjóra Norðurorku og annarra veitna þegar ljóst er hvenær framkvæmdir hefjast.

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Athugasemd 1

Til þess er málið varðar,

Ég er íbúi í Arnarsíðu 6 og á dóttur í leikskólanum Krógaból og 6 ára dóttur í Síðuskóla.

Ég vil byrja á að segja frá ánægju minni með að fá gangbraut með þrengingu og hraðahindrun yfir Bugðusíðu og vona að hægt sé að komast sem fyrst í þá framkvæmd.

Ég hef engar athugasemdir varðandi innskeyrslu i Síðuskóla og vona að þarfir og öryggi barnanna verði áfram í forgangi eins og mér sýnist það vera núna:) Við fullorðna fólkið getum alveg staldrað aðeins lengur við á gatnamótunum eða keyrt hægar ef það tryggir öryggi barnanna á leið í og úr skólanum.

En það sem mig langar að koma á framfæri er ósk um að bæta við gangbraut og hraðarhindrun í Arnarsíðunni á sama tíma og farið verður í ofangreindar breytingar. Í götunni er engin merkt leið til að fara yfir götuna við 100 barna leikskóla. Einnig væri gott ef gangstétt væri öllum megin við gagnamót Bugðusíðu og Arnarsíðu og jafnvel báðum megin meirihlutann af Arnarsíðunni þar sem mikill straumur barna og foreldra fer þarna um í byrjun og lok dags.

Mér sýndist reyndar á myndinni að til standi að bæta við gangstétt á grasinu við kirkjuna og held ég að það myndi bæta aðgengi barna að skólanum og foreldra og barna að leikskólanum.

Með von um að tekið sé tillit til þessara athugasemda,

Kveðja, Regína Ólafsdóttir

íbúi við Arnarsíðu

Svar UMSA

UMSA þakkar Regínu fyrir ábendinguna. Það kemur vel til greina að gera gönguþverun yfir Arnarsíðu ofan við innkeyrslu að leikskólanum Krógaból, sjá mynd. Til þess að hún hafi tilgang þarf að gera stíg innan lóðar Glerárkirkju til að tengja gönguþverunina við gönguleið að inngangi leikskólans. Fleiri atriði mætti bæta bæði innan og utan lóðarinnar til að auka öryggi og bæta aðgengi að leikskólanum. Þær framkvæmdir þarf að bera undir lóðarhafa þar sem Akureyrarbær er aðeins með húsnæði leikskólans á leigu. Umfang aðgerðanna þyrfti einnig að skoðast í samhengi við það hversu lengi bærinn áætlar að hafa leikskólann í kirkjunni. Aðgerðin þarf því lengri aðdraganda en svo að hægt sé að innifela hana í sömu framkvæmd og færslu innkeyrslunnar að Síðuskóla.

Athugasemd 2

Góðan dag,

Ég vill koma með aðra tillögu að þessum gatnamótum, hún er að það verði sett hringtorg að gatnamótum Bugðusíðu, Arnarsíðu og Síðuskóla og að það verði fylgt gamla skipulaginu þar sem gert var ráð fyrir hring með sleppistæðum inn á bílastæði Síðuskóla.

Svipað og er í dag bara betur skipulagt.

Hringtorgið mun þurfa að vera einfalt til að hindra ekki útsýni og vel upplýst.

Hámarkshraði á skólalóð verði lækkaður (sett skilti) í 15km skilti en mætti jafnvel fara neðar.

Einnig vill ég stinga upp á því að Arnarsíða verði opnuð niður að hlíðarbraut til að létta á umferðinni á þessum gatnamótum, það væri hægt að setja ítrekun á 30km hámarkshraða og hraða hindrun í Arnarsíðu til að hægja á umferð.

Ég breytti gamla skipulaginu með þetta í huga í teikniforriti og sendi það með þessum pósti til útskýringar.

kv.

Guðmundur Karl Atlason

3001843329

Stapasíða 11J

Svar UMSA

UMSA þakkar Guðmundi fyrir tillöguna. Farið var yfir ókosti hringtorgs í samantekt sem gerð var um umferð og öryggi á svæðinu í apríl 2017. Hringtorgið sem teiknað er á tillögunni hefur þvermál um 21,3 m og skerðir því lóðir lítið sem ekkert. Stærsti bíll sem getur tekið vinstri beygju í torginu er á stærð við ferlibíla bæjarins, ca. 8 m langur. Stærri bílar (rútur og vörubílar) yrðu að hunsa hringtorgið til að ná vinstri beygju (ígildi aksturs 3/4 úr hring um torgið). Fyrir utan aksturshringinn þyrfti svo að koma fyrir gangstéttum sem færu þá inn á lóðir.

Hingað til hefur ekkert komið fram í upplýsingum frá foreldrafélagi og stjórnendum Síðuskóla um að hraðaakstur innan skólalóðarinnar sé vandamál. Að hafa 15 km hámarkshraða á skólalóðum almennt er þó alls ekki slæm hugmynd.

Sleppisvæðið þykir of lítið í dag. Aðeins komast um 4 bílar fyrir á því í einu. Með lengingu hringsins og færslu innkeyrslu má koma um 7 bílum fyrir í hringnum.

Opnun á Arnarsíðu niður á Hlíðarbraut myndi þýða að um 50 m væru á milli tenginga úr vestri við Hlíðarbraut, sem er tengibraut. Það getur ekki talist heppilegt. Auk þess væri það alger forsendubrestur fyrir íbúa neðst í Arnarsíðu ef hún yrði gerð að gegnumakstursgötu.

Athugasemd 3

Við undirrituð íbúar Arnarsíðu 4a mótmælum harðlega auglýstri tillögu á færslu útkeyrslu Síðuskóla til norðurs. Með þeirri breytingu teljum við að þá verði umferðarteppan sem er að morgni dags enn verri en er í dag.

Það hefur losað um bílana sem bíða færis við að komast upp á Bugðusíðu þegar bílar sem koma úr norðaustri og beygja inn á planið því þá þurfa bílar sem koma úr suðri og ætla að beygja upp á planið að stoppa og það gera þeir sunnan við gatnamótin. Með þessari breytingu munu þeir stoppa fyrir framan gatnamót Arnarsíðu og Bugðusíðu og því stoppa alla umferð upp úr götunni.

Þó við séum hlynnt gangbraut upp úr Arnarsíðunni að sunnan þá erum við jafnframt hrædd um að þrengingin sem áætluð er á götunni verði til þess að á álagstímum muni hún valda lokun umferðar yfir gatnamótin á Teigarsíðu og Bugðusíðu og við Arnarsíðu þvi raðir bíla eru fljótar að myndast. Við leggjum til að þessum þrengingum verði sleppt.

Jafnframt bendum við á að aðkoman að Síðuskóla sé mun betri við Vestursíðu og þar má hæglega gera ,,sleppiplan" fyrir þá foreldra sem keyra börn sín í skólann og skapa með því stórhættu fyrir börnin sem ganga eða hjóla í skólann.

Við viljum lika leggja það til að máluð verði hvít lína fyrir framan gangstéttina á lóð Síðuskóla og sett upp skilti sem segir fólki að það sé að koma út af plani og eigi því ekki rétt fyrir umferð sem kemur upp út Arnarsíðunni. Hverfisnefnd Síðuhverfis lét á sínum tíma gera skilti sem hanga uppi við innkeyrslur í hverfið og það má hæglega bæta einu slíku við útkeyrsluna því vandamál þessa svæðis er það að ökumenn virða það ekki að þeir eru að koma út af plani.

Við leggjum til að þessari framkvæmd að færa útkeyrsluna til norðurs verði alfarið hafnað!

Virðingarfyllst, Dýrleif Skjóldal kt, 1004635209 og Rúnar S. Arason kt. 1406595339

- Sál hvers samfélags birtist skýrast í því hvernig það annast börnin sín. (Nelson Mandela)

Svar UMSA

UMSA þakkar Dýrleifu og Rúnari fyrir athugasemdina. Þeir bílar sem koma úr suðri að gatnamótum við Arnarsíðu koma til með að hægja á eða stoppa við fyrirhugaða þrengingu skammt sunnan Arnarsíðu. Tækifærum fyrir þá sem koma upp úr Arnarsíðu til að komast inn á Bugðusíðu ætti því ekki að fækka. Ef teppa myndast við gatnamótin vegna þrengingar sunnan Arnarsíðu má reikna með því að þeir bílar sem aka beint um Bugðusíðu og eiga hvorki erindi í Síðuskóla né Arnarsíðu muni hætta að velja leiðina fram hjá gatnamótunum. Það er meðal annars tilgangur aðgerðarinnar.

Vegalengd frá fyrirhugaðri þrengingu suður að gatnamótum við Teigasíðu er um 80 m. Umferð um Bugðusíðu, jafnvel á mesta álagstíma, gefur ekki tilefni til að halda að slík röð myndist við þrenginguna að hún nái að Teigasíðu. Þrengingin er lykilatriði í því að draga úr bílaumferð á álagstíma, stytta gönguþverun og auka þannig öryggi skólabarna.

Við Vestursíðu er bílastæði við öldrunarheimilið Lögmannshlíð sem öllum er frjálst að nota til að stoppa og hleypa út farþegum. Ekki er talin þörf á sérstöku sleppiplani við Vestursíðu. Ef byggður verður leikskóli vestan við Síðuskóla, eins og hugmyndir eru um, verður að sjálfsögðu gerð aðkoma að honum frá Vestursíðu ásamt bílastæði.

Hvít lína og skilti ein og sér við óbreytta innkeyrslu að Síðuskóla koma ekki til með að leysa þau atriði sem kvartað hefur verið yfir og hafa lítil, ef einhver, áhrif á öryggi gangandi og hjólandi barna.

Unnið 19.10.2017, VG